

LM5200

Mótorhreinsir



LÝSING

Í brunahólfum bensínvéla er að finna blöndu eldsneytis og lofts, og eftir bruna einnig hálfbrunnar eldsneytisleifar. Stærstur hluti þeirra berst brott með útblæstri, en lítill hluti í smurólíuna. Hálfbrunnið eldsneyti leysist illa í olíu og myndar skán eða sora á málmfleti í olíunni. Súrefni og nitur og hátt hitastig, sem er til staðar, ýta undir myndun efnasambanda, sem verða að óleysanlegum útfellingum í olíunni. Í dísilvélum bætist brennisteinn við. Hann umbreytist í brennisteinsdíoxíð og -tríoíð, sem síðan verða að brennisteinssýru við bruna eldsneytisins. Þessi efnasambönd safnast í byrjun umhverfis stimpilhringi ásamt sóti og hálfbrunnum eldsneytisleifum og draga þar strax úr virkni vélarinnar. Síðar berast þau niður í sveifarhúsið þar sem þau valda fyrst tæringu og sliti, og mynda loks útfellingar. Liqui Moly Mótorhreinsir er afar virk blanda olíuleysanlegra hreinsiefna og hitapolinna dreifiefna, sem fjarlægja eldsneytisleifar úr vél og sveifarhúsi.

EIGINLEIKAR

- Dregur úr útfellingum
- Fjarlægir svartan olíusora
- Hreinsar síur og rennslirásir olíunnar
- Einfalt í notkun
- Forðar dýrum viðgerðum
- Hagkvæmt í notkun
- Tryggir fullnægjandi smurningu véla
- Hindrar uppsöfnun eldsneytisleifa

TÆKNILÝSING

Byggt á	Bætiefni og burðarvökvi
Litur / útlit	Brúnn
Lykt	Einkennandi
Blossamark	63°C
Rennslimark	-35°C
Seigja við 40°C	20 mm ² /s
Eðlismassi við 15°C	0,865 g/cm ³

NOTKUNARVIÐ

Ætlað á allar bensín- og dísilvélar

LEIÐBEININGAR

300 ml flaska nægir á vélar með allt að 5 lítra af smurólíu. Þegar efninu hefur verið bætt í olíuna, er ekið 100-300 km. Forðist þó mikla hröðun. Skiptið um olíu og olíusíu. Sé um mikil óhreinindi að ræða, gæti reynst nauðsynlegt að endurtaka aðgerðina, og hreinsa olíusíu í sveifarhúsi. Nota má Mótorhreinsi fyrir hver olíuskípti.

Athugið: Hentar ekki fyrir vélhjól með votri kúplingu.

UMBÚDASTÆRDIR

Mótorhreinsir 300 ml Málmbrúsi Vörunr. 5200 / 1990 PI 5/21/04/2015

Upplýsingar okkar eru byggðar á ítarlegum rannsóknnum og teljast því áreiðanlegar, en eru þó ekki lagalega bindandi.



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is